

Alþjóðleg nútímalist á Kjarvalsstöðum

Í byrjun sjöunda áratugarins urðu grundvallarbreytingar hvað varðar viðhorf listamanna til listsköpunar. Fram að þeim tíma hafði sú hefði verið ríkjandi sem sagði að listamaðurinn væri hin eina sanna forsenda listaverksins, sem lýsti fyrst og fremst tilfinningum og tjáningarmætti hans. Áhorfendur lásu út úr formum eða formleysum, pensilstrofum og efnisáferð, geðhrif og tilfinningaflæði listamannsins. Listin var huglæg, sjálf-sprottin og óútreiknanleg. Andspænis slíkum verkum jókst hlutverk áhorfandans, sem í lestri sínum og upplifun var sagður framlengja og ljúka verkinu í huga sér. Verkin voru falleg og ljót, hrifandi og átakanleg.

Sýningin Alþjóðleg nútímalist, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, sýnir vel það rof sem varð á hefðbundnum hugmyndum um listaverk og listsköpun fyrir um þrjátíu árum, þegar popplísta-menn líkt og Andy Warhol komu fram á sjónarsviðið og boðuðu að listamaðurinn væri ekki lengur fær um að skapa, heldur ætti hann einfaldlega að „endurskapa“ það sem þegar væri til. Sagan, menningin og þjóðfélagið hefðu tekið fram fyrir hendur á hinum skapandi listamanni. Listaverkið átti því að vera ópersónulegt og samsamast hinu nýja fjölmiðla- og neyklusamfélagi. Andy Warhol valdi því að endurgera myndir af þekktum neyklusuvarningi, þvottaefni, gosdrykkjaflöskum, þekktu fólki sem birtist almenningi sem hver annar neyklusuvarningur, og súpudós, sem sjá má á sýningunni á Kjarvalsstöðum, þar sem persónulegt handbragð og tilfinningaleg nálægð listamannsins er víðs fjarri. Hann gaf meira að segja út yfirlýsingar þess efnis, að hann framkvæmdi ekki myndir sínar sjálfur, heldur væri hann með aðstoðarmenn, sem mótuðu og prentuðu myndverkin. Þessi kalda afstaða til listsköpunarstarfsins þótt hæfa vel ópersónulegu massaþjóðfélagi samtímans, þar sem einstaklingurinn var firrtur öllum séreinkennum og aðeins hluti af nýju einlita samfélagi. Þessi upprunalegi og skapandi listamaður var hér með dauður. Listin gat ekki orðið sönn hugsuðu menn um miðjan sjöunda áratuginn. En listin og sköpunarhugtakið var og er stórbrotnara og margflóknara en menn gátu gert sér grein fyrir og á næsta áratug verður nánast sprenging á listhugmyndum. Alls kyns listhópar merkja sér leið í sögunni og stærri listhreyfingar ná heimsathygli, eins og t.d. minimalistarnir, konseptlistin og arte povera. Í verkum mini-

malistans Donald Judd koma fram skýr tengsl við hugmyndir Andy Warhol. Í takt við hann og reyndar enn fremur listamenn á borð við Frank Stella, sem einnig á verk á sýningunni á Kjarvalsstöðum og Art Reinholdt, undirstrikar Judd að listaverkið verði að vera án sjálfsvísingulegra tilvísana, afmáð tilfinningum listamannsins og það eigi að standa og falla með sínum byggingarfræðilegu eindum. Verkið er kassi úr stáli og plexigleri, sem framleiddur er í verksmiðju og vitnar á engan hátt um persónulega nálægð listamannsins. Hann er einvörðungur það sem efnið og formið býður upp á; konkrétpoesía. Hugmyndalegar forsendur verka minimalistanna byggjast umfram allt á nýjum hugmyndum um rýmið og tengsl þess við listhlutinn. Fram að þeim tíma hafði ávallt verið afgerandi aðgreining á milli listhlutarins/skúlptúrsins, og áhorfandans, sem undirstrikuð var með stöpli höggmyndarinnar. Skúlptúrin hafði, eða átti sitt rými andspænis rými áhorfandans. Í framhaldi af verkum Reinholdt og Stella þróa minimalistarnir nýjar og frumlegar hugmyndir um sameiginlegt tilvistarrými listaverksins og áhorfandans, sem hvort tveggja þróaast sameiginlega. Kemur þetta skýrt fram

**Vegna metaðsóknar
hefur verið ákveðið að
framlengja sýninguna
Alþjóðleg nútímalist
fram til 10. september
nk.**

í verki á sýningunni eftir Carl Andre, sem samanstendur af tuttugu og einni koparplötu sem ræðað er á gólfíð í tvær mismunandi raðir, með einu plötubili á milli. Hér er enginn stöpull, heldur er verkið sett beint á gólfíð, beint í samband við áhorfendur, sem eiga að ganga inn á milli platananna. Verkið er eðlilegur hluti af umhverfinu og deilir rýminu með áhorfandanum. Vitsmunalegar forsendur verksins eru enn skýrari í listsköpun konseptlistamannanna, líkt og kemur fram í verki Joseph Kosuth; „Fjögur orð, fjögur lýsingarorð“. Það sem einkennt hefur hvað mest listsköpun Kosuth og annarra konseptlistamanna er að verkið verður að skilgreina sig sjálft. Það eiga ekki að vera nokkrir lausir endar sem gefa

áhorfandanum tækifæri til eigin túlkana. „Fjögur orð — fjögur lýsingar“ er engin undantekning. Þessi fjögur orð eru „adjective“, lýsingarorð á íslensku. Þannig er búið að skilgreina hvaða orð þetta eru. Þau eru í nokkrum litum og litirnir fá enga huglæga möguleika, því þeir eru skilgreindir við það sama, sem lýsingarorð. Litir eru á öllum tungumálum lýsingarorð. Þannig vísa orðin í ákveðna merkingu og liturinn einnig. Listaverkið gengur upp líkt og jafna — listræn jafna. Enn einu sinni merkja áhorfendur að listamaðurinn er lítt sjáanlegur í verkinu, hann stendur utan við það sem hugmyndasmiður. Og hugmyndin er einnig fyrirferðamikil í verki Richard Long sem gerði hringverkið á miðju gólfi Kjarvalsstaða. Richard Long er tengdur konseptlist og land art og hefur ferðast víða, en náttúran er hans hráefni. Í þessu tiltekna verki ákvað hann í upphafi að draga hring á kort, síðan gekk hann eftir þessum hring og safnaði því grjóti sem síðan var ræðað upp í hring í viðkomandi safni. Verkið er formrænt, fagurfræðilega sterkt en megininntakið liggur í söfnuninni, vitnisburði sem ferli listamannsins í náttúrunni og hugmyndinni sem liggur til grundvallar. Og víst er að hugmyndir að baki þessara verka standa framur en tjáning og tilfinningaleg útrás. Verkin eru úthugsuð og almennur listunnandi þarf vissulega aðstoð við að komast inn að kjarna verksins. Tony Cragg, heimsfrægur listamaður og vinningshafi „Gullna ljónsins“ í Feneyjum 1988, raðar upp alls kyns dóti úr tré — skápum, hillum, trébútum, kössum, herðatrjám — í form sem myndar S. Verkið heitir „S“. Grunnhugmyndin hjá Cragg er, að við skynjun og upplifun áhorfandans myndbreytist verkið í huga hans og verði umfram allt formið S, sem ris hægt í gegnum verkið. Áhorfandinn er neyddur til að lesa sig gegnum verkið og meta fyrst og fremst heildarhrifin. Sérhver eining; herðatré, kökukefli, kassi o.s.frv., sem augu áhorfandans steyta á við fyrstu sýn hvarfast inn í heildarmyndina. Hin tvíræða afstaða Tony Cragg til hlutarins, sem hluts eða sem hluta af stærra samhengi, tengir hann óneitanlega við frönsku ný-realistana, listamenn á borð við Armand og Spoerri, sem ályktuðu í neo-dadaískum anda, að listamannsins væri ekki að skapa listhluti í hefðbundnum skilningi, þ.e.a.s. að finna hann upp og búa hann til, heldur væri hlutverk hans einfaldlega að taka notaða hluti eða samsafn hluta af okkar næsta um-

hverfi og stilla þeim upp sem listaverkum. Þannig var það, sem Spoerri lagði á borð og mataðist ásamt kunningjum sínum. Að máltíð lokinni úðaði hann lími yfir allt og festi þannig minninguna um þessa stund í listaverki. Í staðinn fyrir að mála mynd af viðkomandi matarleyfum, diskum og hnifapörum, varð borðbúnaðurinn og matarleyfarnar sjálf listaverkið. Armand sturtaði hins vegar úr ruslakörfu sinni ofan í sérhannaðan plexiglerkassa og setti upp á vegg sem listaverk. Spurningin var ekki hvort viðkomandi var fallett eða ljótt, sterkt eða veikt, heldur var þetta frumlegur viðauki við listhugtakið. Décolages eða sundurklippur Vostell eru vinnsla í þessum anda. Arte povera listamennirnir tóku að sér að vinna úr og þróa hugmyndir neo-dadaistanna og nýrealistanna frönsku, með séráherslu á fagurfræðilegt gildi hlutarins eða öllu heldur félagsfagurfræðilegt gildi þeirra. Þeir vildu m.a. meina að framsækin list síðastliðna áratugi, dada og nýraunsæi hafi verið meðtekið á röngum forsendum. Að hefðbundinn listunnandi hafi ávallt getað komið þessum listaverkum fyrir í sínu hefðbundna flokkunarkerfi því efni þeirra og umbúnaður var hefðbundinn. Þannig ætti listunnandinn auðveldar með að sætta sig við heysáta, sem væri steipt í brons heldur en raunverulega heysátur eða önnur listaverk, gerð úr auvirðilegum efnum. Samkvæmt arte povera áttu forgengileg efni litla möguleika á því að öðlast ný formræn efnislíf hjá venjubundnum listneytendum. Mario Merz er vafalítið þekktasti arte povera listamaðurinn í dag. Eftir hann er verk sem er heysáta í stól með neonljósi. Er þetta gott dæmi um listaverk arte povera sem kemur áhorfendum ekki upp með að horfa í gegnum verkið. Það er ekki táknrænt, heldu „fagurfræðilegt“ með nýjum formerkjum. Stjarna Zorio er kannski ennþá dæmigerðari fyrir listviðhorf arte povera. Þetta er stjarna þar sem tveir armar hennar eru settir í sýru, sem smám saman munu breyta henni og tæra uns hún hverfur. Þetta listaverk er því erfitt að skilgreina sem fjárfestingu og afurð listmarkaðarins. Og víst er, að þetta verk er eitt af fáum, sem sleppur undan menningunni með tíð og tíma í bókstaflegri merkingu. En einmitt slíkar hugrenningar, hvernig hægt sé að komast undan menningunni, sem sögð hefur til sín alls kyns framandi hluti, sem nefndir hafa verið list, hafa verið áberandi hjá flestum framsæknum listamönnum þessarar aldar. Sýningin Alþjóðleg nútímalist á Kjarvalsstöðum er vissulega engin heildarúttekt á list síðastliðna áratuga, heldur eru nokkrir þættir hennar teknir hér út, og þeir skoðaðir í samhengi. Í raun gæti yfirskrift sýningarinnar allt eins verið „Innsýn í Post Modernism“, eða „Listhugmyndir“ eða jafnvel „Dauði höfundarins“, því víst er, að það sem gengur líkt og rauður þráður gegnum þessa sýningu og tengir saman þessi listaverk framur öðru, er fjarlægð höfundarins. Höfundarnir eru lítt sem ekkert sjáanlegir í verkum sínum og varla nokkur þeirra byggir á tjáningu eða tilfinningalegum og/eða fagurfræðilegum forsendum í hefðbundnum skilningi. Þetta kemur þó á engan hátt í veg fyrir að áhorfandinn geti notið verkanna fagurfræðilega eða tilfinningalega. Við getum því sagt, að þetta sé í flestum tilfellum „óbein sköpun“ svo notað sé hugtak sem einkennir hvað mest post modernisma-umræðuna. Það er oft sagt um poppið, minimalismann, konseptið og arte povera, sem þrátt fyrir allt eru afar ólíkar liststefnur, að það sé vitsmunalegi þráðurinn í lista-sögu síðastliðna áratuga, andspænis hinu nýja expressioníska málverki, sem vafalítið hefur þó verið mun fyrirferðarmeira.

Gunnar B. Kvaran

Gilberto
Zorio, 1978

